

Stjórnarfundur TSÍ 12.01.11

Mættir voru Jónas, Helgi, Þrándur, Gunnar

Rædd var aðkoma Asics að nýlegu meistaramóti sem var glæsileg. Verðlaun líklega að raunvirði 200.000 kr.-

Asicsmenn segjast reiðubúnir að skaffa landsliðsbúninga í sumar og jafnvel taka að sér einstaka kostnað, en þó ekki beinar peningagreiðslur. Rætt var um að þeir fái kynningu á heimasíðu TSÍ, stigalistinn verði kallaður Asics listinn og einstök mót hjá TSÍ verði í þeirra nafni. Menn vilja þó fara varlega í sakirnar með mótaröðina þar sem margir koma að því máli, aðrir en TSÍ. Til dæmis Tennishöllin. Heimasíðuna væri þó hægt að græja strax að mati manna.

Menn vilja senda lið á Davis Cup en efasmedir eru með Fed Cup. Spurning hvort rétt sé að eyrnamerkja peninga fyrir stúlkurnar í önnur verkefni? Sérstaklega ef fáar af þeim bestu komast. Menn vilja senda lið á Smáþjóðaleikana og Þróunarmótið. Ákveðið var að ræða við Jón Axel um fararstjórn á Þróunarmótið. Ekkert var ákveðið með Olympíuleika Æskunnar. Varðandi önnur verkefni þá telja menn heppilegt að Andri ræði við Jónas, Helga og Gunnar varðandi væntanlega ferð til Danmerkur. Þeir hafa allir áhuga á að koma að því máli. Helgi ætlar að skoða verkefni fyrir eldri unglingana eins og t.d. Evrópumót sem haldin eru á sumrin. Hann mun upplýsa stjórnina um þau mál.

Menn samþykktu að halda áfram með landsliðsæfingar fyrir unglinga. Karlarnir geta mætt í hádeginu á mánudögum og föstudögum. Virkja mætti þær æfingar betur.

Ákveðið var að það þurfti að velja þau landslið sem hægt er að velja fyrir sumarið hið allra fyrsta. Meistaramótinu er lokið, tíminn flýgur og ekki eftir neinu að bíða. Hefð er fyrir því að stjórn TSÍ komi öll að valinu á landsliðum en ekkert var ákveðið í þeim efnum. Sem oft áður gera tengsl manna innan stjórnar TSÍ við leikmenn málið snúið og svo á einnig við um þá sem skipa landsliðsnefnd. Tengslin eru fyrir hendi en það þarf þó að fara í þetta mál.

Jónas lagði til að valinn yrði stigameistari karla og kvenna fyrir þá aðila sem hafa staðið sig best á árinu 2011. Það var samþykkt. Eftir er að útfæra þetta betur en þessi titill bætist þá við tennismann og tenniskonu ársins. Menn sáu fyrir sér að árangur t.d. í 6 stærstu mótum ársins myndi ráða valinu hverju sinni. Einnig var fjallað um hvað ræður vali á tennisfólki ársins. Hingað til hefur það að nokkru leyti verið á huglægum nótum og mat hvers stjórnarmanns fyrir sig, þótt hefð sé fyrir því að Íslandsmeistarar beggja kynja verði fyrir valinu.

Ákveðið var að Helgi svari fyrirspurnum sem Raj Bonifacius hefur að undanfögnu sent TSÍ. Hann mun gera það á munnlegum nótum. Er þar einkum átt við umsókn Raj um framkvæmdastórástöðu TSÍ, fyrirspurn hvernig staðið var að valinu á tennismanni ársins 2010 og hvernig fjármagni TSÍ var ráðstafað á liðnu ári. Raj hefur sérstaklega gagnrýnt rekstrarhagnaðinn, að takmörkuðu fé hafi verið ráðstafað til afreksfólk o.fl.

Ljóst er að kostnaður vegna Meistaramótsins sem haldið var í síðustu viku fór nokkuð fram úr áætlun. Fundarmenn sögðust mjög ánægðir með framkvæmd mótsins, sem þótti takast afar vel. Menn voru á því að TSÍ skoðaði á jákvæðan hátt að brúa það bil sem myndaðist. Það verður rætt á næsta fundi.

Menn ræddu afreksstefnu TSÍ sem ekki er fyrir hendi. Helgi ætlar að rifja upp það sem komið er og í framhaldinu ætlar hann að kalla nokkra okkar bestu spilara og þjálfara til að ræða málin. Gunnar lýsti áhyggjum sínum yfir hvað illa hefur tekist að koma upp frambærilegum tennisleikurum á undanförunum 8-10 árum. Færa má rök fyrir því að á aldrinum ca. 17 til 26 ára (eldri en Rafn Kumar og yngri en Andri Jóns.) sé aðeins ein stúlka og einn drengur sem æfa að kappi hér á landi og kalla meg frambærilega tennisleikara á alþjóðavísu. Það verður að teljast slakt og spurning hverju er um að kenna. Menn bentu á að þegar tennisfólk er orðið 18 ára þá eru fáar markvissar æfingar, litla styrki er að fá, ónógt “back up” frá tennisklúbbunum og menn nánast á eigin vegum. Einnig séu keppnisferðir allt of stopular, ekki dugi bara að fara 1-2 ferðir úr á sumrin fyrir afreks tennisfólk.

Gott dæmi um þetta er árgangurinn sem Kári, Árni, Ásgeir, Magnús, Rebekka og fleiri skipuðu en hann er nánast alveg horfinn í dag.

Menn voru á því að þessi mál þurfi TSÍ að skoða í kjölinn því sárt er að ala upp hóp efnilegra krakka sem hverfa svo um tvítugsaldurinn.

Loks var ákveðið að stjórnin sendi Rakel innilegar árnaðaróskir vegna nýfædds barns og að Gunnar komi þökkum til Asics vegna glæsilegs framlags þeirra á Meistaramótinu. Einnig vilji stjórnarmanna TSÍ um gott samstarf við Asics á komandi árum.

Gunnar Finnbjörnsson 13. jan. 2011